

Síðast uppfært 25. okt. 2024

Toki Pona

Toki Pona er tungumál eftir málfraeðinginn Sonja Lang, með aðeins um 130 orð.

Þessi hlið blaðsins lýsir málfraeðinni, á hinni hliðinni má sjá orðaforðann.

Þetta blað er eftir jan ilo Satasa, CCO, og er byggt á hjálparblöðum eftir [blinry](#) og [jan Sa](#). Þetta er aðeins hjálparblað og lýsir ekki tungumálinu alveg; nánari upplýsingar má finna á <https://tokipona.org/>.

Stafróf

Toki Pona notar aðeins 14 bókstafi: a e i j k l m n o p s t u w

Allir stafirnir eru bornir fram eins og á íslensku, nema i og u, sem eru bornir fram sem í og ú, og w, sem er borið fram eins og á ensku.

Einfaldar setningar

Smáorðið *li* kemur á milli frumlags og sagnliðs.

soweli li moku. – Kötturinn borðar.

jan li lape. – Einhver er að sofa.

Það er ekkert orð sem þýðir „að vera“.

Parturinn eftir *li* (sagnliður) getur verið nafnorð eða lýsingarorð.

kili li moku. – Ávextir eru matur.

telo li pona. – Vatn er gott.

Ef frumlagið er aðeins *mi* eða *sina*, þá er *li* alltaf sleppt.

mi moku. – Ég ét.

sina pona. – Þú ert góð.

Óvissa

Merkingar orða á Toki Pona eru ekki eins nákvæmar og á íslensku, þannig að Toki Pona setning gæti haft margar íslenskar þýðingar.

mi moku. – Ég ét. / Ég át. / Ég mun éta.

Mörg orð hafa líka margar, eða breiðar, merkingar.

soweli – köttur / hundur / (hvaða landspendýr sem er)

kili – (hvaða ávöxtur eða grænmeti sem er)

Flest orð virka sem nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og atviksorð.

telo – vatn / blautur / að vökva

pona – góður / að betrumbæta / vel

Nafnorð hafa enga tölu, né fall, né ákveðni.

kili – ávöxtur / ávöxturinn / ávextir / ávextirnir

mi – ég / mig / við / okkur

Andlög

Smáorðið *e* kemur fyrir hvert andlag. Það breytir líka sagnliðnum í sagnorð.

soweli li moku e telo. – Dýrið drekkur vatnið.

mi telo e soweli. – Ég þvæ kisuna. / Ég bleyti kisuna.

sina sulí e ona. – Þú ert að stækka það.

Breytiorð

Með því að bæta orði aftan á, má breyta fyrra orðinu.

jan lili – litil manneskja, barn

tomo mi – húsið mitt

pilin pona – að líða vel

Til að neita orði má setja *ala* aftan á:

mi lape ala. – Ég er ekki að sofa.

jan ala li toki. – Enginn talar.

Hvert aukaorð breytir orðunum sem koma fyrir.

lipu kule tu – tvö litarblöð

tomo telo nasa – skrýtið vatnshús

Maður getur breytt hvernig breytiorð tengjast með orðinu þi.

lipu pi kule tu – blað tveggja lita

tomo pi telo nasa – hús skrýtna vatnsins

Forsetningar

Orðin *kepeken*, *lon*, *sama*, *tan* og *tawa* virka eins og forsetningar.

mi moku kepeken ilo. – Ég ét með tóli.

soweli li lon tomo. – Hundurinn er í húsinu.

sina toki sama kala! – Þú talar eins og fiskur!

mi kama tan esun. – Ég kem frá búðinni.

ona li toki e ni tawa sina. – Hán sagði þetta til þín.

Samtengingar

Það eru margar leiðir til að segja „og“. Á milli frumlaga setur maður *en*.

mi en sina li musi mute. – Ég og þú spilum mikið.

Á milli sagnliða endurtekur maður *li*.

soweli ni li lili li suwi. – Þetta dýr er lítið og sætt.

Á milli andlaga endurtekur maður *e*.

ona li jo e waso e kala. – Hún á fugl og fisk.

Á milli forsetningarliða endurtekur maður forsetninguna.

mi sulí e kasi kepeken telo kepeken suno. – Ég læt plöntuna vaxa með vatni og ljósi.

Orðið *anu* má nota til að merkja „eða“.

ni li pona anu ike? – Er þetta gott eða slæmt?

mi anu sina li tawa esun. – Ég eða þú munum fara í búðina.

Tökulýsingarorð

Toki Pona notar ekki sérnöfn, heldur sérlýsingarorð.

jan Sonja – Sonja manneskja, manneskja sem heitir Sonja

toki Tosi – Tosi (deutsch) tungumál, þýska

ma Islan li lili ala – Ísland er ekki lítið.

Tökulýsingarorð ættu að fylgja hljóðreglum Toki Pona. Tvö sérhljóð mega ekki liggja saman, né tvö samhljóð (nema það fyrsta sé *n*), og samsetningarnar *wu*, *wo*, *ji*, *ti*, *nm* og *nn* eru bannaðar.

O

Til að merkja skipun getur maður sett *o* fyrir framan sagnlið.

o kute! – Hlustaðu!

o pali. – Viltu vinsamlegast vinna.

Til að ávarpa einhvern má setja *o* eftir frumlagi.

jan Pape o! – Ó Pape!

Maður getur sett *o* á milli frumlags og sagnliðs til að merkja ósk eða löngun.

pona o tawa sina. – Megi góðæri koma til þín.

mi o pali. – Ég ætti að vera að vinna.

Þetta getur líka merkt samsetningu af fyrstu tveim merkingunum.

soweli Ton o moku. – Éttu, Ton.

Upphrópanir

Upphrópanir eru algengar, stundum með *a* fyrir áherslu.

pona! – Frábært! / Takk fyrir!

toki! – Halló! / Sæll og blessaður!

lon! – Það er satt! / Hárrétt!

moku pona! – Gjörið svo vel! / Hvilíkur góður matur!

pakala a! – Æ!! / Helvítis!

Spurningar

Það eru tvær leiðir til að búa til já-eða-nei spurningar. Ein leið er með því að segja „(sagnorð) *ala* (sagnorð)“.

sina moku ala moku? – Ertu að borða?

Til að svara „já“ endurtekur maður sagnorðið. Til að svara „nei“ segir maður „(sagnorð) *ala*“ eða bara *ala*.

moku – Já.

moku ala / ala – Nei.

Hin leiðin er með því að bæta við *anu seme*, sem merkir „eða hvað“.

sina moku anu seme? – Ertu að borða?

kala anu seme li lon poki? – Er fiskur í kassanum?

seme má líka nota sem spurnarfornafn. Þá er það sett í stað orðs sem er í efa.

jan seme li toki? – Hver er að tala?

sina pali e seme? – Hvað ertu að búa til?

Forsagnorð

Forsagnorð koma fyrir framan sagnorðum til að breyta merkingum þeirra.

mi kama moku. – Ég byrjaði að borða.

waso lili li wile sulí. – Litli fuglinn vill vera stór.

ona li ken lukin e sina. – Hann getur séð þig.

Forsagnorðin eru *wile*, *kama*, *sona*, *lukin*, *ken*, *awen*, *alasa* og stundum *open* og *pini*.

Samhengi

la er smáorð sem sýnir samhengi setningar. *X la Y* merkir „Í samhengi X, þá er Y.“ Þetta getur gefið merkinug um tíma, orsök, umræðuefni eða hvaða tengsl sem er.

sina lon poka mi la, mi pilin pona. – Þegar þú ert hjá mér, þá líður mér vel.

Flesta forsetningarliði má setja fyrir framan *la*.

mi lape lon tempo pimeja. / *tenpo pimeja la, mi lape*. – Ég sef um nótt.

sina seli tan seme? / *tan seme la, sina seli?* – Af hverju ertu svo heit?

Tölur

Það eru tvö venjuleg tölurorð í Toki Pona.

wan – 1 *tu* – 2

Það eru þrjú önnur orð sem eru oft notuð sem tölurorð:

luka – 5 *mute* – 20 *ale* – 100

Til að merkja aðrar tölur má setja saman tölurorð til að leggja þau saman.

luka tu wan – fimm plús tveir plús einn / 8

nanpa má nota til að merkja raðtölu.

jan nanpa wan li pona. – Fyrsti maðurinn er góður.

ni li tomo nanpa mute tu wan. – Þetta er 23. húsið.

Og... það er allt og sumt!

a	ah, ömm, (áhersla)	la	(kemur eftir samhengi)	o	(merkir ávörpun eða skipun)	taso	aðeins, en
akesi	skriðdýr, froskdýr	lape	að sofa, að hvílast	olin	að elska, að virða	tawa	að hreyfa, að fara, til, frá sjónarhorni
ala	ekki, enginn, núll	laso	blár, grænn	ona	hann, hún, það, þau, hán	telo	vökvi, vatn
alasa	að veiða, að leita, að reyna	lawa	höfuð, að stjórna	open	að byrja, að opna	tenpo	tími, stund, atburður
ale (ali)	allt, 100	*leko	kubbur, feringur	pakala	að brjóta, mistök	toki	að tala, tungumál, saga
anpa	botn, undir, niður	len	klæði, föt, að þekja	pali	að vinna, að búa til	tomo	hús, herbergi
ante	annar, öðruvísi, að breyta	lete	kaldur, hrár	palisa	stöng, prik	*tonsi	kynsegin, trans
anu	eða	li	(kemur fyrir sagnlið)	pan	grjón, brauð, kolvetni	tu	tveir, að deila
awen	að halda áfram, að vernda	lili	lítill, ungur, fáir	pana	að gefa, að kasta út, að senda	unpa	kynmök, að eðla
e	(kemur fyrir andlög)	linja	strengur, reipi, hár	pi	(sameinar komandi orð)	uta	munur, varir
en	(kemur á milli frumlögum)	lipu	blað, lauf, bók, síða	pilin	líðan, að finna til, hjarta	utala	að slást, bardagi, barátta
esun	viðskipti, búð	loje	rauður	pimeja	svartur, dökkur	walo	hvítur, föður
ijo	hlutur, efni	lon	hjá, í, á, sannleikur	pini	að hætta, endir	wan	einn
ike	vondur, illur	luka	hönd, fingur, fimm	pipi	padda, skordýr	waso	fugl, fljúgandi
ilo	tól, vél	lukin	að sjá, auga, að reyna	poka	hlið, mjööm, hjá	wawa	kraftur, sterkur
insa	innan, miðja, innfyli	lupa	hola, gat	poki	ílát, kassi, pottur	weka	burt, að fjarlægja
jaki	óhrein, rusl, ógeðslegur	ma	jörð, land, mold	pona	góður	wile	að vilja, ósk, að þurfa
jan	manneskja, fólk, einhver	mama	foreldri, skapari	pu	tengt við <i>Toki Pona: The Language of Good</i>		
jelo	gulur	mani	peningur, fé	sama	líkur, sami, eins og		
jo	að hafa, að eiga, að halda á	*meli	kvenkyns	seli	heitur, eldur		
kala	fiskur, sjávardýr	mi	ég, við	selo	húð, yfirborð, jaðar		
kalama	hljóð, að hljóma	*mije	karlkyns	seme	hvað? hver?		
kama	að koma, að verða	*misikeke	lyf, að lækna	sewi	toppur, ofan, heilagur		
kasi	planta, lauf	moku	að éta, að drekka, matur	sijelo	líkami, búkur, lögum		
ken	að geta, mögulegur, að leyfa	moli	að deyja, að drepa	sike	hringur, bolti, hringrás		
kepeken	að nota, með	monsi	bak, bakhlið, rass	sin	nýr, ungur, aftur		
**kijete-santakalu	marðardýr, þvottabjörn	*monsuta	hræddur, að hræða	sina	þú, þið		
kili	ávöxtur, grænmeti	mu	(dýrahljóð)	sinpin	veggur, andlit, framhlið		
*kin	líka, einnig	mun	tungl, stjarna	sitelen	mynd, letur, merki		
*kipisi	að skera, partur	musi	að leika, spil, gaman	*soko	sveppur		
kiwen	harður, steinn, málmur	mute	margir, mjög, magn	sona	að vita, þekking		
ko	leir, slím, púður	*n	hmm	soweli	landdýr, köttur		
kon	loft, andi, eðli	*namako	krydd, auka	suli	stór, mikilvægur		
*ku	tengt við <i>Toki Pona Dictionary</i>	nanpa	tala, (kemur fyrir raðtölu)	suno	ljós, sól, bjartur		
kule	litur, tegund	nasa	skrýttinn, óvenjulegur	supa	flötur, rúm, gólf		
kulupu	hópur, lið	nasin	leið, vegur, hefð	suwi	sætur, krúttlegur		
kute	eyra, að heyra	nena	bunga, hóll, nef	tan	frá, vegna, orsök		
		ni	þetta				
		nimi	orð, nafn				
		noka	fótur, leggur				

Þessar merkingar hafa verið svolítið stytta til að passa á eina blaðsíðu. Nánari upplýsingar fást frá orðabókum og Toki Pona mælendum.

*Þessi orð eru merkt sem algeng, en ekki alþekkt, á [lipu Linku](#). Á milli 60% og 90% mælenda nota þessi orð.

**Þetta er algengt grínorð, og er ekki meint fyrir alvarlega notkun.